

18. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 20. mars kl. 20.30.

Mættir frá hverfisnefnd: Sædís, Bryndís, Ingvar, Aðalbjörn og Ingibjörg. Einnig mættu á fundinn Jón Birgir verkefnastjóri umhverfismála hjá Akureyrarkaupstað, Þórhildur skólastjóri Lundarskóla ásamt Þorgerði og Jóhönnu kennurum við skólann.

1. Fyrsta mál á dagskrá var umræða um Umhverfisdag hverfisins. Ákveðið var að hann yrði haldinn í samvinnu við Lundarskóla, Akureyrarbæ og ef til vill einnig leikskóla hverfisins og var dagsetning valinn laugardaginn 2. júní. Dagana á undan eru Náttúrufræðidagar í Lundarskóla og síðan mun Umhverfisdagur hverfisins hefjast á laugardagsmorgni með allsherjar hreinsun íbúa þess og hátíð á skólalóðinni að hreinsun lokinni með grilli og ýmsum uppákomum. Að því loknu fóru Þorgerður, Jóhanna og Þórhildur af fundinum
2. Síðan var rætt um hraðakassa hverfisins, hugmyndir nefndarinnar kynntar fyrir Jóni Birgi ásamt því sem áfram er verði að leita kostunaraðila.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 22.00.